

Hafnarfirði 21. september 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið, nú þegar komið er fram á 6. viku haustannar, hefur gengið vel. Það styttest óneitanlega í **miðannarmat** og því er mikilvægt að nemendur haldi utan um námið sitt og séu virkir, þ.e. mæti vel, skili verkefnum og taki hlutapróf hverju sinni.

Til að styðja enn frekar við nemendur okkar munum við frá og með næsta þriðjudegi bjóða upp á vikuleg raungreinaver, **en þar er hægt að fá aðstoð í stærðfræði og raungreinum** nemendum að kostnaðarlausu. Fyrsti tíminn verður **þriðjudaginn 28. september kl. 15:45-16:45 í stofu H202**. Ég hvet ykkur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til að fá aðstoð frá kennurum við að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf.

Þá er mikilvægt að minna á **ritver skólans sem unnið er í samstarfi við bókasafnið**. Þar gefst nemendum tækifæri til að fá aðstoð við verkefnavinnu og ritgerðarskrif. Opnunartíma má sjá á heimasíðu skólans.

Skólinn hefur einnig tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða nemendum og starfsfólki upp á hvíldarstund en á **þriðjudögum í vetur kl. 09:35 er boðið upp á næði til að hlusta á núvitundaræfingu í Koti**, hvíldarrými sem staðsett er á móti stofu H202.

Ég minni á að áfram er **grímuskylda á göngum skólans og í stærri rýmum þar sem ekki er hægt að tryggja eins meters regluna**. Einnig ítreka ég mikilvægi persónulegra sóttvarna, handþvotts og þess háttar, enda er veiran enn á kreiki í samfélaginu og hafa bæði nemendur og starfsmenn þurft á síðustu vikum að fara í sóttkví og/eða einangrun.

Ég vil einnig nota tækifærið og hvetja til **góðrar umgengni í stofum og matsal skólans**. Við erum grænn og vænn skóli og í því felst meðal annars að bera virðingu fyrir umhverfi okkar, góðrar nýtingar á hlutunum í kringum okkur og flokkunar á rusli.

Að lokum, síðustu vikur hafa verið einkar líflegar og er óhætt að segja að vel hafi tekist til bæði í nýnemaferð og á stjórn mála fundi á *Degi íslenskrar náttúru*. Bestu þakkir til nemendafélagsins og umhverfisnefndar fyrir þeirra framlag. Þá er vert að geta þess að framundan er **139 ára afmæli skólans**. Formleg afmælisdagsskrá fer fram í hátíðarsal skólans í **hádeginu fimmtudaginn 30. september** en sjálfur afmælisdagurinn, **föstudagurinn 1. október**, verður svokallaður uppsópsdagur. **Þá fellur kennsla niður** en nemendur geta nýtt daginn til að vinna verkefni eða til að hlaða batteríin. Meira um þetta síðar. Þangað til - áfram þið og áfram Flensborg!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400/694 7594

